

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins að borgarstjórn samþykki að aðild Reykjavíkur að byggðasamlögum verði skoðuð með tilliti til þess að auka lýðræðislega aðkomu reykvíkinga að þeim

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að aðild Reykjavíkur að byggðasamlögum verði skoðuð með tilliti til þess að auka lýðræðislega aðkomu reykvíkinga að þeim. Byggðasamlög eins og þau starfa nú, eru fjarlæg hinum almenna borgara. Þau eru stofnun sem setur sér eigin starfsreglur og eigin stefnu. Innan þeirra fer ekki saman fjárhagsleg ábyrgð og ákvarðanatáka. Í núverandi kerfi mun byggðasamlögum fjölga frekar en fækka. Lýðræðishallinn vex. Ef þörf er á fjölda byggðasamlaga er ástæða til að huga að sameiningu þeirra sveitarfélaga sem þau mynda. Reykjavík getur ekki í núverandi byggðasamlögum tekið ákvarðanir um mikilvæg atriði sem kunna að skipta borgarbúa miklu án þess að njóta stuðnings a.m.k. tveggja annarra sveitarfélaga og það þótt Reykjavík beri lang mestu fjárhagslegu ábyrgðina.

Greinargerð:

Nýverið barst Reykjavíkurborg þungur bakreikningur vegna mistaka í fjárhagsáætlanagerð Sorpu. Þótt Sorpa sé í eigu allra sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins þarf Reykjavík að bera þungann af fjármögnun hennar vegna íbúafjölda. Ef fjárhagsleg ábyrgð Reykjavíkur á rekstri byggðasamlaga á að vera meiri en ábyrgð annarra sveitarfélaga þá á Reykjavík jafnframt að hafa stjórnunarheimildir í samræmi við þá auknu ábyrgð.

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar gerði árið 2011 stjórnsýsluúttekt á byggðasamlögum borgarinnar, nánar tiltekið Strætó, Sorpu og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Þar kom fram að sambandsleysi virtist vera milli eigenda byggðasamlaganna og stjórna þeirra. Stjórnir félaganna hefðu stundum farið út fyrir verksvið sitt og jafnvel tekið veigamiklar ákvarðanir sem féllu ekki að væntingum eigendanna. Reykjavíkurborg hefur jafnvel gert málamiðlanir á kostnað eigin hagsmuna.

Innri endurskoðun benti á í sinni stjórnsýsluúttekt á byggðasamlögum borgarinnar að byggðasamlagsformið kæmi sér best þegar samstarf fæli í sér lögbundin verkefni en betra væri að nota annað félagsform þegar starfsemi fæli í sér starfsemi sem ber einkenni almenns einkareksturs á samkeppnisgrundvelli, eins og ætti við um Sorpu og Strætó.

Stjórn Sorpu er skipuð einum stjórnarmanni frá hverju sveitarfélagið höfuðborgarsvæðisins. Atkvæðavægi þeirra er hlutfallslegt og miðar við íbúafjölda sveitarfélaga. Reykjavík hefur því mest atkvæðavægi af sveitarfélögum. Samþykki $\frac{3}{4}$ hluta atkvæðavægis eða a.m.k. 3 sveitarfélaga þarf fyrir ákvörðunum um gjaldskrár, fjárfestingar, ólögbundin útgjöld og meiri háttar skuldbindingar. Reykjavík getur því ekki í krafti atkvæða sinna tekið ákvarðanir um framangreinda hluti án þess að njóta stuðnings a.m.k. tveggja annarra sveitarfélaga.

Samkvæmt starfsreglum stjórnar Strætó er atkvæðavægi stjórnarmanna í hlutfalli við íbúatölu en samþykki $\frac{3}{4}$ hluta atkvæðisvægis í stjórn, þó aldrei færri atkvæði en þriggja aðildarsveitarfélaga, þarf til að þær ákvarðanir öðlist gildi sem varðar rekstrarkostnaðarskiptingu, meiriháttar fjárfestingar, stofnun eða þátttöku í dótturfélögum, breytingar á gjaldskrá eða breytingar á þjónustustigi. Sama gildir um upptöku nýs leiðakerfis, að hluta eða í heild. Því getur Reykjavík ekki tekið ákvarðanir um þau málefni í krafti atkvæðavægis nema með stuðningi a.m.k. 2 annarra sveitarfélaga og a.m.k. $\frac{3}{4}$ hluta atkvæðavægis. Þá er í starfsreglum stjórnar Strætó ákveðið að sveitarfélögin skuli skipta með sér formennsku á 2 ára fresti.

Nú stendur til að nýtt byggðasamlag verði stofnað í kringum hina umdeildu Borgarlínu og því er eðlilegt að borgarbúar spyrji sig hvort Reykjavík muni þar einnig bera skertan hlut frá borði.

Þegar byggðasamlög eru í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar verður að tryggja að Reykjavíkurborg fái viðhlítandi stjórn og yfirsýn með rekstri þeirra. Ákvarðanatáka verður að vera gegnsæ. Hætta er á að þar verði misbrestur hjá byggðasamlögum